

Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við Kópavogsbæ

Kópavogsbær greiðir framlög í samræmi við neðangreint til sjálfstætt starfandi leikskóla (SSL) með samning við Kópavogsbæ vegna leikskóladvalar barna með lögheimili í Kópavogi.

Skilyrði fyrir greiðslu með hverju barni eru að barn eigi lögheimili í Kópavogi og uppfylli önnur skilyrði fyrir leikskóladvöl á leikskóla í rekstri Kópavogsbæjar. Sjá nánar „[Reglur um innritun og dvöl barna í leikskólum Kópavogs](#)“. Nánar er kveðið á um önnur skilyrði og fyrirkomulag framlaga í samningi milli SSL og Kópavogsbæjar.

1. Rekstrarframlag:

Rekstrarframlag er byggt á áætluðum rekstrarkostnaði við rekstur leikskóla Kópavogs samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

Rekstrarframlagi er skipt í tvennt, annarsvegar framlag á hvert barn og hins vegar framlag á hvert dvalargildi (dvalargildi = barngildisstuðull x dvalartími).

Heildar rekstrarkostnaður vegna útreiknings framlags samanstendur að rekstrarkostnaði leikskóla að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þeirrar sérkennslu sem úthlutað er sérstaklega. Sérstök framlög eru greidd annarsvegar vegna húsnæðis, sbr. 2. gr., og hins vegar vegna viðbótar sérkennslu sem úthlutað er sérstaklega.

Framlög eru greidd með hverju barni í allt að 11 mánuði á ári þar sem gert er ráð fyrir 4 vikna sumarlokun leikskóla. Rekstrarkostnaði skv. fjárhagsáætlun er því deilt niður á 11 mánuði og því mánaðarlegt framlag 1/11 af árlegum kostnaði.

Rekstrarframlag á hvert barn á mánuði (m.v. 11 mánuði á ári)

	Upphæð:
Rekstrarframlag á hvert barn (11mán.)	78.209 kr. á mán.

Rekstrarframlag á hvert dvalargildi á mánuði (m.v. 11 mánuði á ári)

	Upphæð:
Rekstrarframlag á hvert dvalargildi (11mán.)	17.246 kr. á mán.

2. Húsnæðisframlag:

SSL með samning við Kópavogsbæ sem starfar í húsnæði í eigu Kópavogsbæjar greiðir enga húsaleigu.

SSL með samning við Kópavogsbæ sem starfar í eigin húsnæði, fær greitt húsnæðisframlag sem tekur mið af meðal húsnæðisframlagi á hvert barn í leikskólum Kópavogs.

	Upphæð:
Húsnæðisframlag á hvert barn (11 mán.)	24.461 kr. á mán.

3. Greiðsla framlags:

Mánaðarlegt framlag samanstendur af rekstrarframlagi og húsnæðisframlagi að frádregnum tekjum vegna leikskóladvalar barna á viðkomandi leikskóla hverju sinni. Að auki eru greidd viðbótar framlög vegna þeirra sérkennslustunda sem úthlutað hefur verið sérstaklega.

Framlög eru greidd samkvæmt sérstöku framlagsskjali sem skal vera fylgiskjal með hverjum reikning. Í framlagsskjali koma fram allar forsendur til útreiknings framlags.

Rekstrarframlag samkvæmt ofangreindri töflu tekur mið af faghlutfalli í leikskólum Kópavogs. Ef faghlutfall SSL er hærra eða lægra þá hækkar eða lækkar framlag Kópavogs í samræmi við hlutfallslegan mun á faghlutfalli að teknu tilliti til mismunandi vægis á launakostnaði í hverjum flokki. SSL ber að standa mánaðarlega skil á upplýsingum um faghlutfall starfsmanna. Standi SSL ekki skil á upplýsingum um fagmenntun starfsmann taka framlög mið af því að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

4. Endurskoðun framlags:

Framlög eru endurskoðuð einu sinni á ári eftir að fjárhagsáætlun komandi árs er samþykkt.

Framlög geta auk þess verið tekin til endurskoðunar ef breytingar verða á fjárhagsáætlun eða í laga- og rekstrarumhverfi leikskóla, s.s. vegna breytinga á kjarasamningum eða lögum og reglugerðum.

Framlög samkvæmt ofangreindu taka gildi 1. júlí 2022

Samþykkt í bæjarstjórn í maí 2022